



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

---

### ***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarumhverfi dagforeldra***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að breyting verði gerð á þjónustu við dagforeldra þannig að rekstrarumhverfi þeirra verði ekki jafn ótryggt og nú er. Breytingarnar stuðla að því að jafna stöðu dagforeldra á milli sveitarfélaga. Lagt er til að ef barn hættir hjá dagforeldri eftir 1. apríl og fer í einhvern af leikskólum Reykjavíkur þá fá dagforeldrar niðurgreiðslu frá Reykjavíkurborg fyrir maí og júní mánuð ef ekki vistast annað barn í staðinn hjá dagforeldrinu. Skilyrði fyrir greiðslu er að barnið hafi verið í vistun hjá dagforeldrinu frá 1. janúar sama ár. Þetta ákvæði á eingöngu við um dagforeldra sem eru starfandi hjá Reykjavíkurborg.